

**Nd.** **105. Frumvarp til laga** [103. mál]

um breyting á lögum nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

54. grein laganna orðist svo:

Orðið „banki“ merkir í lögum þessum banka, er stofnaðir eru með sérstökum lögum eða starfa samkvæmt sérstakri lagaheimild, sparisjóði, er fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum, svo og Lánastofnun sparisjóðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera nauðsynlega breytingu á gildandi lögum um tékka þannig að Lánastofnun sparisjóðanna geti gefið út tékka á stofnunina og þannig sinnt þeirri greiðslumiðlun sem henni er ætlað að hafa á hendi fyrir sparisjóðina. Um þessa breytingu var fjallað í greinargerð er fylgdi með frumvarpi til laga um sparisjóði sem nú er orðið að lögum nr. 87 frá 4. júlí 1985.

Til þess að Lánastofnun sparisjóðanna geti gegnt því hlutverki er í lögum nr. 87/1985 greinir er brýnt að sú breyting, er hér er lögð til, verði að lögum.